

Miðvikudaginn 14. febrúar 1940.

Kærumálið nr. 1/1940. Útibú Útvegsbanka Íslands
á Akureyri

gegn

Lárusi Þ. Blöndal og Ásgeiri Bjarnasyni

Frávísunarákvæði héraðsdóms um mál annars hinna
stefndu ómerkt og lagt fyrir héraðsdómara að
kveða upp efnisdóm í málinu að því leyti.

Dómur hæstaréttar.

Með bréfi, dags. 22. f. m. og hingað komnu 1. þ. m., hefir Jón Sveinsson málflutningsmaður í umboði stefnanda í héraði, Útibús Útvegsbankans á Akureyri, kært samkvæmt 199. gr. laga nr. 85/1936 héraðsdóm, er Sigurður bæjarfógeti Eggerz kvað upp á bæjarþingi Akureyrar þann 17. f. m., þar sem téður dómari vísaði ex officio frá dómi máli þessu um stefnda Lárus Þ. Blöndal. Krefst kærandi þess, að „frávísunardómurinn“ verði ómerktur og að lagt verði fyrir héraðsdómarann að dæma málið að efni til „einnig gagnvart Lárusi Þ. Blöndal og veðinu“. Svo krefst kærandi málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Kröfu kæranda virðist eiga að skilja svo, að hann krefjist einungis ómerkingar á frávísunarákvæði héraðsdómsins og að hann standi því að því leyti sem hann varðar stefnda Ásgeir Bjarnason.

Í tryggingarbréfi því frá 25. ágúst 1933, er í héraðsdóminum greinir og virðist eiga við skuld þá, sem í máli þessu er krafín, skuldbindur stefndi Lárus Þ. Blöndal sig til þess að þola málssókn vegna skuldar eða veðsetningar fyrir dómi á Akureyri og

til þess að láta sér nægja birtingu stefnu á hinni veðsettu eign stefnda á Siglufirði og með stefnufresti, svo sem hann væri búsettur á Akureyri. Stefna í máli þessu var birt á téðri eign þann 28. des. f. á. fyrir stefnda Ásgeiri Bjarnasyni sjálfum og honum fengið eftirrit af stefnunni. Ennfremur segir í birtingarvottorði stefnuvotta, að þeir hafi birt honum stefnuna, auk birtingar fyrir honum sjálfum, að því er sjá má, og fengið honum enn annað eftirrit af henni, en ekki er berum orðum sagt, að sú birting sé vegna stefnda Lárusar. En ljóst virðist, að það gat ekki orkað Ásgeiri tvímælis, að önnur stefnubirtingin og annað afritið átti við samskuldara hans, stefnda Lárus P. Blöndal, sem búsettur er í Kaupmannahöfn. Framannefnd ákvæði tryggingarbréfsins verður að telja gild, og verður því að telja stefnuna nægilega birta, að því leyti sem málið varðar stefnda Lárus P. Blöndal. Var því eigi ástæða til að vísa málinu frá dómi að því leyti, enda þótt stefndi Lárus sækti ekki dómþing.

Ber því að ómerkja frávísunarákvæði héraðsdómsins og leggja fyrir héraðsdómarann að kveða upp efnisdóm í málinu um stefnda Lárus P. Blöndal.

Eftir þessum málalokum þykir rétt að dæma stefnda Lárus P. Blöndal til að greiða kæranda 50 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Þá hefir kærandi óskað úrlausnar hæstaréttar um það, hvort og hversu há ritlaun greiða skuli héraðsdómaranum fyrir eftirrit það af skjölum málsins, er fyrir hæstarétt hefir komið. Þetta atriði virðist eiga að sæta kæru samkvæmt analogíu 186. gr. laga nr. 85/1936.

Það virðist auðsætt, að héraðsdómarinn eigi

heimtingu á lögmæltum ritlaunum fyrir eftirrit í kærumálum. Eftirrit það, sem hér er um að tefla, er að stærð til $5\frac{3}{4}$ örk, og mátti þá samkvæmt 10. gr. laga nr. 85/1938 telja ritlaun fyrir það 9 krónur, ef það væri ritað samkvæmt 3. gr. laga nr. 2/1894, en héraðsdómarinn hefir reiknað ritlaunin kr. 5.50. Er eftirrit þetta, sem er handritað, svo gisið skrifað, að leturmergð á blaðsíðu virðist til jafnaðar aðeins svara til hálfrar blaðsíðu eftir 3. gr. laga nr. 2/1894, og ritlaun fyrir það virðast því vera rétt talin 4 krónur og 50 aurar.

Því dæmist rétt vera:

Frávísunarákvæði héraðsdómsins í málinu á að vera ómerkt, og ber héraðsdómaranum að taka málið til dóms að nýju, að því leyti sem því er stefnt á hendur stefnda Lárusi Þ. Blöndal, og kveða að því leyti upp efnisdóm í því.

Stefndi, Lárus Þ. Blöndal, greiði kæranda, Útibú Útvegsbankans á Akureyri, 50 kr. í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Í ritlaun fyrir framangreint eftirrit bera héraðsdómaranum 4 krónur og 50 aurar.

Dómur bæjarþings Akureyrar 17. jan. 1940.

Mál þetta hefir höfðað Svavar Guðmundsson, bankastjóri, f. h. Útvegsbanka Íslands, Akureyri, fyrir bæjarþingi Akureyrar með stefnu, dags. 19. desember 1939, gegn Lárusi Þ. Blöndal, stýrimanni, við Linden 11 Kaupmannahöfn, og Ásgeiri Bjarnasyni, raffræðing, Siglufirði, til þess að fá þá dæmda in solidum til greiðslu á vixli, samþykktum af Lárusi Þ. Blöndal og útgefnum af Ásgeiri Bjarna-

syni 24. janúar 1939, að upphæð kr. 7000.00 með $7\frac{1}{2}\%$ vöxtum frá 22. september 1939 til greiðsludags og $\frac{1}{3}\%$ í þóknun.

Sömu leiðis krefst stefnandinn málskostnaðar, en samkvæmt framlögðum reikningi er hann gerður kr. 591.70.

Auk þess krefst stefnandinn, að honum verði tildæmdur veiðiréttur í leigulóð Lárusar Þ. Blöndals við Hvanneyrarkrók á Siglufirði ásamt síldargeymsluhúsi og öllum þeim mannvirkjum, sem á lóðinni kunna að standa samkvæmt tryggingarbréfi Lárusar Þ. Blöndals fyrir vixilskuldinni, dags. 25. ágúst 1933, til tryggingar greiðslu á hinni umstefndu skuld ásamt vöxtum og málskostnaði.

Ásgeir Bjarnason, raffræðingur, hefir eigi mætt í málinu og er þó löglega stefnt og ber því að taka, að því er hann snertir, kröfu stefnandans til greina og dæma stefnda Ásgeir Bjarnason til að greiða honum kr. 7000.00 ásamt $7\frac{1}{2}\%$ vöxtum frá 22. september 1939 til greiðsludags og $\frac{1}{3}\%$ í þóknun.

Í málskostnað greiði stefndur stefnandanum kr. 591.70 aura.

Að því er stefnda Lárus Þ. Blöndal snertir, þá hefir honum ekki verið birt stefnan, og ber því að vísa málinu frá ex officio, að því er hann snertir, og þá einnig kröfunni um veðréttinn.

Því dæmist rétt vera:

Ásgeir Bjarnason, raffræðingur, Siglufirði, greiði stefnandanum, Svavari Guðmundssyni f. h. Útveggsbanka Íslands á Akureyri, kr. 7000.00 ásamt $7\frac{1}{2}\%$ vöxtum frá 22. september 1939 til greiðsludags og $\frac{1}{3}\%$ þóknun.

Í málskostnað greiði stefndur stefnandanum kr. 591.70.

Málinu visast frá ex officio, að því er Lárus Þ. Blöndal snertir.